

LÖG

um breytingu á lögum nr. 86/1991, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 110/1992 og lög nr. 128/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna (1. tölul. ákvæða til bráðabirgða):

- a. Í stað ártalsins „1994“ í 1. málsl. kemur: 1995.
- b. Í stað orðanna „1. janúar 1995“ í 4. málsl. kemur: 1. janúar 1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson

29. desember 1994

Nr. 141

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna hljóðar svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skal stjórn heildarsamtaka bænda skipa fjórtán menn í ráðið, þar af fjóra án tilnefningar og tíu sem eftirgreindir aðilar tilnefna: Landssamband kúabænda, sem tilnefni tve menn í ráðið, og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Landssamtök sláturleyfishafa, Félag eggjaframleiðenda, Félag hrossabænda, Félag kjúklingabænda, Landssamtök sauðfjárabænda, Samband garðyrkjubænda og Svínaræktarfélag Íslands, sem tilnefna hver um sig einn mann. Þá skipar landbúnaðarráðherra einn mann í ráðið. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

Framleiðsluráð skal skipað árlega við lok hvers reglulegs búnaðarþings. Ráðið kýs sér formann og varaformann til sama tíma. Þegar rætt er um málefni er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost